

VAXTARSKERÐING

ICD-10 greiningar:

O36.5 Mæðrahjálþ vegna lítils fósturvaxtar

O41.0 Þurrleg

Fósturvöxtur hjá einbura er metinn með SF mælingum (mæling frá lífbeini að efsta hluta legs) og klínísku mati. Þannig er stærð fósturs og legvatnsmagn metið miðað við vikulengd meðgöngu.

Mælingarnar eru færðar inn á legvaxtarrit. Oftast fylgir fóstur sinni kúrfu á ritinu.

Eðlileg stærðarviðmið í ómskoðun á fóstri fyrir meðgöngulengd á hverjum tíma eru mælingar sem falla á bilinu 10.-90. centile. Þau fóstur sem eru undir 10. centile geta verið eðlileg eða of lítil og þau sem eru yfir 90. centile geta verið eðlileg eða of stór. Ef miðað er við þessi stærðarmörk eru þau sem falla undir 10. centile skoðuð nánar.

U.þ.b. 10-15 % af fósturum á hverjum tíma mælast undir 10 centile og vekja grun um mögulega vaxtarskerðingu. Fjórðungur til helmingur fóstura sem falla undir þessi mörk eru eðlileg smágerð fóstur (SGA) en ekki vaxtarskert (IUGR). SGA fóstur eru oftast á bilinu 5-10 centile og fylgja sinni kúrfu og hafa eðlilegt magn legvatns og eðlilega flæðismælingu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

Ef eftirfarandi tilvikum þarf að gera áætlun um vaxtarmat með ómun:

- Saga um léttburafæðingu
- Saga um IUFD (fósturdauði eftir 22v)
- Sjúkdómur móður (m.a. háþrýstingur, meðgöngueitrun, undirliggjandi sykursýki, ýmsir sjálfsónæmissjúkdómar, hjarta- nýrnasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils)
- Naflastrengs- eða fylgjumissmíð (t.d. tvær æðar í streng)
- Reykingar/ nikótínnotkun
- Fíkniefnaneysla
- Vannæring
- Aldur móður > 40 ára
- Litningafrávik eða sköpulagsgallar hjá fóstri
- Ýmsar sjaldgæfar sýkingar (CMV, toxoplasmosis, VZV, syphilis, rubella, malaria, HSV)

Tilfni til nákvæmara mats á fósturvexti með ómskoðun:

- SF mæling liggur óeðlilega lágt á riti, lækkar eða er óbreytt í tvígang (með minnst viku millibili)
- SF mæling ómarktæk vegna erfiðleika við þreifingu og mælingu
- Þreifing vekur grun um lítið legvatn

MAT Á ÞYNGD FÓSTURS SKV. PERCENTILE:

Áætluð þyngd fósturs er yfir 10. percentil

Fóstur sem er >10. percentil er í eðlilegri stærð og ekki er gerð flæðismæling.

Mikilvægt er að fylgja áætlun um vaxtarmat sem liggur fyrir.

Íhuga ætti að fá nýtt vaxtarmat ef til koma áhættuþættir eins og breyting á SF kúrfu, hækkaður blóðþrýstingur og meðgöngusykursýki.

Við nýtt vaxtarmat er vöxtur talinn eðlilegur sé fóstrið > 10. percentil. Ef breyting á vexti nemur meira en 50. perc lækkun á milli skoðana þá vaknar grunur um vaxtarskerðingu og gerð er flæðismæling. Eftirfylgni plönuð hjá fósturgreiningardeild.

Áætluð þyngd fósturs er 3.-10. percentil

Gerðar eru flæðismælingar og áætlun um frekari ómskoðanir.

Þegar fósturvöxtur er á bilinu 3.-10. percentil er lagt til að mældur sé blóðþrýstingur og skoðað albúmin í þvagi innan viku.

Ef flæðismælingar eru eðlilegar og fósturvöxtur er enn á bilinu 3-10. perc við 37 vikur er reiknað með að framköllun fæðingar verði við 37+0 - 40+0 vikur. Fram að framköllun fæðingar eru gerðar flæðismælingar vikulega og mæðravernd 1-2 sinnum í viku til að fylgjast m.a. með einkennum hugsanlegrar meðgöngueitrunar.

Ef flæðismælingar eru óeðlilegar flyst konan í áhættumæðravernd.

Alltaf er mikilvægt að upplýsa konur um mikilvægi þess að fylgjast með hreyfingum barns og leita aðstoðar ef áhyggjur vakna vegna þeirra.

VAXTARSKERÐING

Vaxtarskerðing getur verið tvenns konar; snemmkomin eða síðkomin. Til að greina á milli þess hvort um er að ræða raunverulega vaxtarskerðingu (IUGR) eða að fóstrið sé smávaxið (SGA) er ráðlagt að nota flæðismælingar. Gerð er flæðismæling til að greina hvort um sé að ræða raunverulega vaxtarskerðingu eða hvort fóstur sé smávaxið.

Snemmkomin vaxtarskerðing (IUGR): Greinist fyrir 32 vikna meðgöngu.

Eitt af eftirfarandi gildir:

- a. Áætluð þyngd (EFW, estimated fetal weight) < 3. percentil (perc).
- b. Flæði í naflastrengsslagæð í diastolu er ekki til staðar eða bakflæði (AREDF, absent or reversed end diastolic flow). Óháð þyngd fósturs.
- c. Áætluð þyngd < 10. perc og óeðlilegt flæði í naflastreng

Ef ofangreind atriði greinast flyst konan í áhættumæðravernd.

Síðkomin vaxtarskerðing: Greinist eftir 32 vikna meðgöngu.

- a. Áætluð þyngd < 3. perc **eða**
- b. A.m.k. tvö af eftirfarandi atriðum:
 - a. Áætluð þyngd < 10. perc.
 - b. Meira en 50 percentila fall milli skoðana.
 - c. Óeðlilegt flæði í m-naflastreng skv mati sónardeildar

Ef ofangreind atriði greinast flyst konan í áhættumæðravernd.